

Svar

umhverfiráðherra við fyrirspurn Margrétar Frimannsdóttur um jafnréttisáætlun, stöðuveitingar og skipan í nefndir og ráð.

1. *Hefur ráðuneytið gert sérstaka framkvæmdáætlun í jafnréttismálum til að tryggja jafnan hlut kvenna og karla í störfum innan ráðuneytisins og á vegum þess? Ef svo er, hvenær var það gert og hvað hefur verið gert til að framfylgja áætluninni?*

Umhverfiráðuneytið hefur gert sérstaka jafnréttisáætlun, sem birt er í fylgiskjali með svari þessu. Áætlunin var staðfest í nóvember 1999 og er nú unnið að fyrstu endurskoðun hennar í jafnréttisnefnd ráðuneytisins. Til þess að framfylgja áætluninni hefur verið unnið markvisst að því að auka hlut kvenna í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum ráðuneytisins. Ráðuneytið setti sér sérstaka fjölskyldustefnu þar sem staðfest er 4. gr. áætlunarinnar um sveigjanlegan vinnutíma. Þrír starfsmenn hafa minnkað við sig störf tímabundið frá því að áætlunin var samþykkt og er einn deildarstjóri með vinnuáðstöðu heima hjá sér. Þrír starfsmenn hafa fengið fartölvur til afnota bæði til þess að nota á ferðalögum og heima við ef þeir óska þess. Jafnréttisáætlunin er kynnt öllum nýjum starfsmönnum og var kynnt á fundi með forstöðumönnum stofnana ráðuneytisins haustið 1999 og voru þeir hvattir til þess að setja stofnunum sínum jafnréttisáætlun.

2. *Hversu margar stöður hafa verið auglýstar á vegum ráðuneytisins síðustu þrjú ár og um hvaða stöður er að ræða? Hversu margar umsækjendur voru um hverja stöðu og hversu margar þeirra voru metnir hæfir til að gegna henni, skipt eftir kyni í báðum tilvikum? Hvort var kona eða karl ráðinn í umræddar stöður?*

Síðastliðin þrjú ár voru auglýstar fimmtán stöður lausar til umsóknar hjá ráðuneytinu. Ein skrifstofustjórastaða, tvær deildarstjórastöður, sex sérfræðingsstöður og fjórum sinnum var auglýst í tvær stöður móttökuritarar. Einnig voru auglýstar stöður ritara og bókara. Í þessar fimmtán stöður voru ráðnar tólf konur og þrír karlar. Karl var ráðinn skrifstofustjóri og tveir karlar voru ráðnir sem deildarsérfræðingar en konur voru ráðnar í hinar stöðurnar. Af þessum fimmtán starfsmönnum eru tólf að störfum hjá ráðuneytinu þegar þetta er ritað. Ekki eru handbærar upplýsingar um fjölda umsókna um allar stöður í ráðuneytinu því að langoftast fara umsóknir í gegnum ráðningarskrifstofu sem metur umsóknir eftir hæfisskilyrðum í auglýsingu.

3. *Hefur á síðustu þremur árum verið ráðið í stöður á vegum ráðuneytisins sem ekki voru auglýstar? Ef svo er, um hvaða stöður er að ræða og hvort var kona eða karl ráðinn í umræddar stöður?*

Á síðustu þremur árum var ráðið í tvær stöður sem ekki voru auglýstar með hefðbundnum hætti. Annars vegar var ráðinn karl í stöðu ráðherrabílstjóra og hins vegar var ráðin kona í stöðu skjalavardar tímabundið vegna barnsburðarleyfis með milligöngu ráðningarskrifstofu.

4. *Hvaða nefndir og ráð eru starfandi á vegum ráðuneytisins? Hve margir fulltrúar eru í hverri nefnd eða ráði, hvernig skiptast þeir eftir kynjum og hvenær voru þeir skipaðir?*

Svar við þessum lið fyrirspurnarinnar er í heild í eftirfarandi töflu. Þar kemur m.a. fram að 138 konur starfa í nefndum á vegum ráðuneytisins en 407 karlar. Tekið skal fram að tölurnar ná bæði yfir aðal- og varamenn.

Dagsetning	Heiti	Tegund	Karlar	Konur
29.01.1992	Verkefnisstjórn „Botndýr á Íslandsmiðum“	Verkefnanefnd	7	0
08.02.1994	Starfshópur um umhverfissvöktun	Verkefnanefnd	5	3
03.09.1997	Stjórn Náttúrustofu Suðurlands	Lögbundin stjórn	4	2
06.06.1997	Ráðgjafarnefnd um umhverfissrannsóknir og vöktun umhverfis vegna stóriðju í Hvalfirði	Verkefnanefnd	7	0
27.11.1997	Stjórn Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar	Lögbundin stjórn	3	3
30.10.1997	Samvinnunefnd um málefni norðurslóða	Lögbundin nefnd	8	3
01.01.1998	Prófnefnd mannvirkjahönnuða	Lögbundin nefnd	2	1
01.07.1998	Dýraverndarráð	Lögbundið ráð	4	6
01.07.1998	Ráðgjafarnefnd um villt dýr	Lögbundin nefnd	14	0
01.07.1998	Aukefnanefnd	Lögbundin nefnd	4	6
01.07.1998	Hollustuháttaráð	Lögbundið ráð	12	4
04.08.1998	Bráðamengunarnefnd	Verkefnanefnd	7	1
07.08.1998	Stjórn Náttúrustofu Norðurlands vestra	Lögbundin stjórn	5	1
08.09.1998	Starfshópur um aðgerðir gegn eyðimerkurmyndun	Föst verkefnanefnd	5	0
12.05.1998	Úrskurðarnefnd hollustuhátta- og mengunarvarnarmála	Lögbundin nefnd	4	2
13.01.1998	Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála	Lögbundin nefnd	5	1
15.05.1998	Umhverfismerkisráð	Föst verkefnanefnd	5	4
15.05.1998	Nefnd um samning við landeigendur innan marka fyrirhugaðs þjóðgarðs á Snæfellsnesi	Verkefnanefnd	2	0
17.08.1998	Nefnd um umhverfisvísa	Verkefnanefnd	2	3
18.02.1998	Samstarfsnefnd um líffræðilegan fjölbreytileika	Föst verkefnanefnd	5	0
18.12.1998	Nefnd um endurskoðun laga nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar	Verkefnanefnd	6	0
23.09.1998	Stjórn Náttúrustofu Vesturlands	Lögbundin stjórn	3	3
30.06.1998	Vísindanefnd um loftslagsbreytingar	Verkefnanefnd	7	1
30.10.1998	Stjórn Náttúrustofu Austurlands	Lögbundin stjórn	5	1
03.03.1999	Nefnd um kaup ríkisins á Geysissvæðinu	Verkefnanefnd	3	0
05.11.1999	Nefnd um kaup ríkisins á Núpsstað	Verkefnanefnd	4	1
06.04.1999	Jafnréttisnefnd	Verkefnanefnd	1	2
06.10.1999	Starfshópur um tekjuöflun af náttúruperlum	Verkefnanefnd	5	0
10.05.1999	Íslenska matvælarannsóknarnefndin (NMKL)	Föst verkefnanefnd	3	3
10.08.1999	Stýrihópur El Grillo	Verkefnanefnd	3	0
12.11.1999	Samvinnunefnd miðhálandisins	Lögbundin nefnd	20	12
14.06.1999	Fráveitunefnd	Lögbundin nefnd	5	1
19.10.1999	Samstarfsnefnd um matarsjúkdóma	Verkefnanefnd	10	2
23.03.1999	Starfshópur um reglugerð um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit	Verkefnanefnd	3	4
29.01.1999	Samvinnunefnd um landmælingamál	Verkefnanefnd	7	0
01.02.2000	Nefnd um endurnýtingu úrgangs	Verkefnanefnd	4	4
01.02.2000	Ofanflóðanefnd	Lögbundin nefnd	5	1
02.02.2000	Náttúruverndarráð	Lögbundið ráð	13	5
02.06.2000	Nefnd um rannsóknarsetur að Kvískerjum	Verkefnanefnd	3	2
03.07.2000	Nefnd um endurskoðun laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum	Verkefnanefnd	3	5
04.07.2000	Hreindýraráð	Lögbundið ráð	8	1
04.09.2000	Spilliefnanefnd	Lögbundin nefnd	11	3

05.04.2000	Nefnd um námskeið fyrir iðnmeistara	Verkefnanevnd	3	1
05.06.2000	Ráðgjafarnevnd um erfðabreyttar lífverur	Lögbundin nefnd	12	6
07.07.2000	Stjórn Náttúruvannsóknastöðvarinnar við Mývatn	Lögbundin stjórn	9	1
09.06.2000	Breiðafjarðarnevnd	Lögbundin nefnd	13	1
16.02.2000	Nefnd um nýtt húsnæði Náttúrugripasafns Íslands	Verkefnanevnd	5	1
18.05.2000	Nefnd um reglugerð um stjórn hreindýraveiða	Verkefnanevnd	5	1
18.05.2000	Tilraunadýranevnd	Lögbundin nefnd	1	2
19.07.2000	Stjórn Náttúrustofu Vestfjarða	Lögbundin stjórn	5	1
20.06.2000	Starfshópur um öryggi leikvallatækja	Verkefnanevnd	2	4
21.03.2000	Starfshópur um framhald mála varðandi El Grillo	Verkefnanevnd	4	2
23.11.2000	Stýrihópur um íslenska þolhönnunarstaðla	Verkefnanevnd	6	0
28.03.2000	Stjórn Náttúrustofu Reykjaneskjördæmis	Lögbundin stjórn	4	2
30.08.2000	Hættumatsnevnd Fjarðabyggðar	Verkefnanevnd	4	0
01.09.2001	Nefnd til að endurskoða reglugerð nr. 392/1994, um mjólk og mjólkurvörur	Verkefnanevnd	2	2
04.09.2001	Nefnd um aðgerðir til að draga úr veiðiálagi á einstaka fuglastofna	Verkefnanevnd	5	1
08.10.2001	Ráðgjafarnevnd um þjóðgarðinn í Skaftafelli	Lögbundin nefnd	3	0
08.10.2001	Ráðgjafarnevnd um þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum	Lögbundin nefnd	3	0
08.10.2001	Ráðgjafarnevnd um þjóðgarðinn Snæfellsjökul	Lögbundin nefnd	2	1
09.03.2001	Nefnd um þróun landupplýsingakerfa	Verkefnanevnd	6	0
10.10.2001	Nefnd um framtíðarlausnir húsnæðismála Náttúrufræðistofnunar Íslands	Verkefnanevnd	4	0
18.06.2001	Skólaráð Brunamálaskólans	Lögbundið ráð	6	0
20.03.2001	Hættumatsnevnd Ísafjarðar	Verkefnanevnd	4	0
21.03.2001	Starfshópur um rammatilskipun um vatn nr. 2000/60/EB	Verkefnanevnd	8	1
22.06.2001	Samstarfsnevnd um sjálfbæra þróun	Verkefnanevnd	5	2
22.06.2001	Umhverfisfræðsluráð	Föst verkefnanevnd	11	7
24.07.2001	Íslandsnevnd Alþjóðajarðfræðisambandsins (IUGS)	Verkefnanevnd	4	1
25.01.2001	Sérfræðinganevnd um framanandi lífverur	Lögbundin nefnd	4	5
25.09.2001	Nefnd til að endurskoða lög nr. 36/1974, um verndun Mývatns og Laxár	Verkefnanevnd	5	0
27.02.2001	Hættumatsnevnd Siglufjarðar	Verkefnanevnd	4	0
27.02.2001	Hættumatsnevnd Seyðisfjarðar	Verkefnanevnd	4	0
28.09.2001	Nefnd um urðun úrgangs	Verkefnanevnd	2	2
31.01.2001	Brunamálaráð	Lögbundið ráð	10	3
			407	138

Fylgiskjal.

Jafnréttisáætlun umhverfisráðuneytisins.

(11. nóvember 1999.)

Umhverfisráðuneytið gerir sér grein fyrir mikilvægi þess að nýta til jafns þá auðlegð sem felst í menntun, reynslu og viðhorfum karla og kvenna. Markmiðið með jafnréttisáætlun þessari er að allt starfsfólk ráðuneytisins eigi jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína í störfum sínum fyrir ráðuneytið. Áætlunin er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 28/1991, um jafna stöðu jafnan rétt kvenna og karla. Til að fylgja eftir áætluninni starfar sérstök jafnréttisnevnd í ráðuneytinu sem fjallar um og hefur eftirlit með framkvæmd hennar og endurskoðun. Framkvæmd áætlunarinnar skal metin og hún endurskoðuð á að minnsta kosti tveggja ára fresti.

MARKMIÐ

Yfirstjórn ráðuneytisins vinni markvisst að því að jafna stöðu kynjanna innan ráðuneytisins og tryggja að möguleikar kvenna og karla til starfa og starfsframa, sí- og endurmenntunar séu jafnir.

Í öllu starfi ráðuneytisins verður unnið gegn viðhorfum sem leiða til aðstöðumunar kvenna og karla í þjóðfélaginu.

Jafnréttisstarf verði eðlilegur hluti af daglegu starfi ráðuneytisins og áhersla lögð á þátttöku beggja kynja í umræðu og aðgerðum.

HVERNIG MÁ NÁ MARKMIÐUM

- 1) Með hliðsjón af 5. grein laga nr. 28/1991 mun umhverfissráðuneytið leita leiða til þess að jafna hlutfall kvenna og karla í öllum störfum ráðuneytisins svo og í nefndum og ráðum á vegum þess.
- 2) Tryggt verði að konur og karlar njóti sömu launa og kjara fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf.
- 3) Við skipan í nefndir á vegum ráðuneytisins verður lögð áhersla á að skipa konur og karla jöfnum höndum. Í þeim tilgangi mun ráðuneytið í öllum bréfum þar sem óskað er tilnefninga í nefndir á vegum þess minna á ákvæði laga um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla.
- 4) Starfsskipulag ráðuneytisins taki mið af samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Sveigjanlegur vinnutími og skilningur á tímabundnum þörfum foreldra ungra barna eru lykilatriði. Feðrum verði sérstaklega kynnt sú afstaða ráðuneytisins að gengið sé út frá því að þeir taki sér það fæðingarorlof sem þeir eiga rétt á og séu heima hjá veikum börnum til jafns við mæður.
- 5) Að gefinn verði kostur á tímabundnum hlutastörfum vegna fjölskyldu- eða heimilisaðstæðna.
- 6) Hvatt verði til að jafnréttismál verði kynnt og rædd á starfsmannafundum og reynt að draga fram mikilvægi þess að jafnréttismál verði að vera viðfangsefni beggja kynja, enda muni bæði kynin njóta góðs af auknu jafnrétti í samfélaginu.
- 7) Yfirstjórn leggur áherslu á að góða líðan starfsmanna og góðan starfsanda og lítur því kynferðislega áreitni alvarlegum augum.
- 8) Nýjum starfsmönnum verði kynnt gildandi jafnréttisáætlun er þeir hefja störf í ráðuneytinu.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.